



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) 9. júlí 2008

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar miðvikudaginn 9. júlí 2008, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi í dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

Dagskrárliður 1

Húsfélagið Flúðabakki 4 sækir um leyfi til að klæða húsið Flúðabakki 4 að utan samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 2

Halldór Bjartmar Halldórsson sækir um leyfi til að skipta landi Skriðulands landnr. 145444, samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 3

Jónas Þór Sigurgeirsson Hlíðarbraut 22, Blönduósi sækja um leyfi fyrir sólpalli 49,0 m² með heitum potti.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 4

Höskuldur B. Erlingsson Mýrarbraut 24, Blönduósi sækja um leyfi fyrir sólpalli 20,0m² með heitum potti.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 5

Hjörtur Karl Einarsson sækir um lóð undir hesthús í Arnargerði samkv. meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til að skipulagsvinna verði hafin.

Dagskrárliður 6

Gísli Garðarsson sækir leyfi til að setja 7m² garðhús á lóðina Skúlabraut 1, Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

Dagskrárliður 7

Byggingafulltrúi fyrir hönd Blönduósbæjar sækir um byggingaleyfi fyrir sundlaug við íþróttamiðstöðina Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi teikningar berist.

Dagskrárliður 8

Kynningarbréf vegna staðsetningar á gámavelli við Efstubraut 4, grendarkynning er í gangi frá 13. júní til 14. júlí 2008.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

Dagskrárliður 9

Erindi frá Vodafone: Sótt er um leyfi fyrir staðsetningu á tveimur loftnetsstöngum á Þverbraut 1 Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með fyrirvara um samþykki húsfélags.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18,00

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Sigurður Jóhannesson (sign.)

Stefán Árnason byggingafulltrúi (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)